

Hafnarfjarðarbær
Guðrún Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 2. júní 2020
UST202005-230/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag fyrir Hellnahraun – 3. áfangi - Hafnarfjarðarbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar er barst 22. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnarsvæði í Hellnahrauni í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur m.a. fram að breytingin gengur út á að fjarlægja líðum á athafnarsvæðinu.

Hraun

Í greinargerð fyrir skipulagssvæðið kemur fram að svæðið er gamalt helluhraun, vaxið mosáfembu, lyngi og kjarri og undir yfirborði hraunsins geta leynst gjótur, holrými og hraunhellrar.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á svæðinu fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið sé tillit til jarðmyndanna s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka. Í greinargerð kemur fram að náttúrulegt hraun innan svæðisins fær að halda sér, þar sem það er heilstæðast og leitast er við að varðveita fallegar hraunmyndanir á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða leiðir verið farnar til að ná ofangreindum markmiðum.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfí að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefansson
sérfræðingur